

## Vorferð á Vatnajökul 30. maí til 5. júní 1981

Jöklarannsóknafélagið og Raunvísindastofnun Háskólans stóðu saman að vorferð til Grímsvatna um mánaðamótin maí—júní 1981. Lagt var af stað frá Reykjavík laugardagsmorgun 30. maí og upp á jökul frá Jökulheimum næstu nótt og komið í Grímsvatnaskálann um kl. 9 að morgni eftir auðvelda 5 klst. jöklaferð á snjóbílnum Jökli I og Jaka Landsvirkjunar og tveimur vélsleðum.

Vetrarákoma á miðri Grímsvatnahellunni var mæld að venju og reyndist hún vera 4.82 m hinn 1. júní og 2650 mm vatnsgildi. Vatnshæð undir Vatnshamri mældist 1443 m þann sama dag. Er það hærra en mælst hefur frá því mælingar hófust á vatnshæð í Grímsvötnum árið 1955. Mælt var frá báðum Svíahnúkum á stiklu á íshellunni nærri Nagg og þaðan niður að vatnsborði. Jökull hafði skriðið yfir Depil og engin varða fannst. Vatnshamarinn var þverhniptur og snjóflóð höfðu nýlega fallið niður að vatnsfletinum.

Að frumkvæði Þorbjarnar Sigurgeirssonar og Eggerts V. Briem var reist 4 m hátt 2. tonna stálmastur 10 m suðvestan við skálann og ber það uppi krossviðarkistu með 0.1 watta stuttbylgjusendi í 1721.6 m hæð. Þaðan náðust merki á Skyggni í Vatnaöldum, 88 km leið. Þó mun nú í ráði að koma upp öflugri sendi á Grímsfjalli og beina sendingum niður á Skeiðarársand. Á komandi árum mun hann væntanlega senda til byggða niðurstöður mælinga á jarðskjálftum, veðurathuganir og vonandi einnig vatnsstöðu í Grímsvötnum.

Kannadir voru möguleikar á að nýta jarðhita á Grímsfjalli til þess að framleiða raforku með hitatvinni (thermocouple), sem gæti knúið sendistöð og mælitæki. Sett var plaströr yfir gufustrók á sprungu vestan við Hithól (Saltarann), skammt frá opunum niður í íshellana. Þar streymdu út um 5 kg/klst. af

87°C heitri gufu og nægir það til framleiðslu á orku til þess að knýja senditækið og einhver mælitæki. Rafstraumur verður væntanlega leiddur með kapli um 300 m leið að sendinum.

Minni snjór var við skálann og Hithól en nokkur þátttakenda hafði áður séð. Í gufuaugum á klöppinni við skálann og á Hithól var hiti allt að 30°C, en tæplega 90°C rétt austan við Hithól og hámarkshiti niðri í íshellunum var 92°C (þ. e. nálægt suðumarki í 1700 m hæð yfir sjó). Á 1. m dýpi í borholu undir fótum stálmastursins var 16°C. Ásmundur Jakobsson sá um jarðhitamælingarnar.

Íshellarnir voru kannadir og rissað upp kort af þeim. Dýpst skriðu menn niður í 1660 m. Sýni voru tekin af útfellingum á hitaskellum á hellisgólfinu. Þorbjörn bauð þar upp á gufubað undir plasttjaldi og varð hiti um 40°C.

Þorbergur Þorbergsson vann að landmælingum og fann m. a. að vestan við vestari Svíahnúk og norðan Háubungu er jökullinn um 100 m hærra en sýnt er á kortum, þ. e. hann er í nærri 1700 m.

Skotist var á Örafajökul að loknum störfum. Lagt var af stað um kl. 16 hinn 3. júní og var færð þung í fyrstu, en stigið á Hvannadalshnúk laust fyrir miðnætti og komið aftur á Grímsfjall kl. 7 að morgni eftir 3 klst. ferð. Jaki var búinn Loran-tæki og vann það vel.

Heimleidis var haldið um kl. 22 hinn 5. júní í góðri færð og komið að jökulrönd eftir 6 klst. ferð. Veður var einstaklega gott alla ferðina, hæg norðlæg átt.

Gunnar Guðmundsson, Hannes Haraldsson og Björn Indriðason óku snjóbílnum. Ragna Karlsdóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir sáu um matseld. Auk þeirra voru félagarnir Jónas Elíasson, Ásbjörn Sveinsson og nýliðarnir Árni Arnason. Bárður Harðarson, Ólaf-